

GREIÐSLUSTOFA HÚSNÆÐISBÓTA



VINNUMÁLA
STOFNUN


29.11.2016

GREIÐSLUSTOFA HÚSNÆÐISBÓTA

- Hefur tekið til starfa undir hatti Vinnumálastofnunar
- Til að leiðbeina umsækjendum gegnum ferlið eru eftirfarandi leiðbeiningar gefnar út

GREIÐSLUSTOFA HÚSNÆÐISBÓTA

- Farið er inn á heimasíðu Húsnæðisbóta www.husbot.is
- Þar eru ýmsar spurningar og svör sem mælt er að starfsmenn VMST, ríkis og sveitarfélaga kynni sér ásamt reiknivél og umsóknarferli
- Til að sækja um húsnæðisbætur er ýtt á græna kassann „Sækja um húsnæðisbætur“ á heimasíðunni og umsækjandi þarf að nota Íslykil eða rafræn skilríki til að skrá sig inn.



SKREF I - HÚSNÆÐI

- Fastanúmer íbúðar er hægt að finna í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, en tengill inn á það er gefinn upp á umsókninni. Oft er að finna þessar upplýsingar á leigusamningnum sjálfum.

Umsókn um húsnæðisbætur

Húsnæði Umsækjandi Tekjur og eignir Leiguhúsnæði Leigusamningur Leigusali Heimilismenn Senda

Fastanúmer íbúðar

Fastanúmer...

Þú getur fundið fastanúmer íbúðar [hér](#). Einnig eru fastanúmer jafnan skráð á leigusamning.

Tengill inn á Fasteignaskrá
Þjóðskrár Íslands

SKREF I – HÚSNÆÐI FRH.

- Skráðu inn heimilisfang hins leigða húsnæðis og ýttu á „Leita“

FASTEIGNASKRÁ

FINNA FASTEIGNAMAT, BRUNABÓTAMAT OG LOFTMYNDIR

Fasteignaskrá geymir allar grunnupplýsingar um lönd, lóðir og spildur auk mannvirkja sem á þeim standa. Hér getur þú fundið fasteigna- og brunabótamat, fermetrafjöldu eignar og fastanúmer eignar.

SKREF I – HÚSNÆÐI FRH.

- Fastanúmerið kemur upp í fyrsta dálkinum en hægt er að afrita það og líma inn í umsóknina



- Heimilisfang og sveitarfélag fyllist þá sjálfkrafa út, en fylla þarf út í póstnúmerið

Fastanúmer íbúðar	
<input type="text" value="213-1165"/>	✓
<small>Þú getur fundið fastanúmer íbúðar hér. Einnig eru fastanúmer jafnan skráð á leigusamning.</small>	
Upplýsingar íbúðar	
Heimilisfang	<input type="text" value="Ártorg 1"/>
Sveitarfélag	<input type="text" value="Skagafjórður"/>
Póstnúmer	<input type="text" value="Póstnúmer..."/>

SKREF I – HÚSNÆÐI FRH.

- Ef umsækjandi er ekki með skráð lögheimili á uppgefnu heimilisfangi, þarf að tilgreina ástæðu þess áður en hægt er að fara í næsta skref

Þú ert ekki með skráð lögheimili á ofangreindu heimilisfangi.

- Ég er með skráð lögheimili á þessu fastanúmeri (misræmi í skráningu þjóðskrár og fasteignaskrár).
- Ég stunda nám fjarri lögheimili
- Ég starfa tímabundið fjarri lögheimili mínu
- Ég dvel á áfangaheimili
- Ég þarf að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri lögheimili mínu
- Heimilismenn í umsókn þurfa jafnan að vera búsettir í húsnæðinu nema undanþágur eigi við.

SKREF 2 - UMSÆKJANDI

- Í þessu skrefi þarf að leggja fram upplýsingar um umsækjanda eins og kennitölu, símanúmer, netfang og bankareikning sem húsnæðisbæturnar eiga að leggjast inn á

Upplýsingar um umsækjanda

Kennitala	<input type="text"/>						
Nafn	<input type="text"/>						
Símanúmer	<input type="text"/>						
Gsm	<input type="text"/>						
Netfang	<input type="text"/>						
Bankareikningur	<table><tr><td>Banki</td><td>Hb</td><td>Reikningur</td></tr><tr><td><input type="text"/></td><td><input type="text"/></td><td><input type="text"/></td></tr></table>	Banki	Hb	Reikningur	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Banki	Hb	Reikningur					
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>					

- Allir dálkar þurfa að vera útfylltir hér áður en hægt er að fara yfir í næsta skref

SKREF 3 – TEKJUR OG EIGNIR

- Skrá þarf allar **áætlaðar mánaðartekjur** fyrir skatt (brúttólaun)
 - Laun
 - Eftirlaun
 - Lífeyri
 - Tryggingabætur
 - Örorkubætur
 - Styrki
 - Verðlaun
- Einnig þarf að skrá fjármagnstekjur s.s.
 - Leigutekjur
 - Vaxtatekjur
 - Arðgreiðslur
 - Hagnað af sölu fasteigna eða hlutabréfa

Til skattfrjálsra tekna teljast m.a. greiðslur í lífeyrissjóð, þ.m.t. greiðslur í séreignarsjóð. Frekari umfjöllun um skattfrjálsar tekjur má finna hér: <https://www.rsk.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/skattfrjalsar-tekjur/>

SKREF 3 – TEKJUR OG EIGNIR FRH.

- Hægt er að haka í box um að sækja nettóeign skv. síðasta skattframtali, en Vinnumálastofnun nær í það rafrænt
- Hér skal þó hafa í huga að eignastaðan gæti hafa breyst frá síðasta skattframtali og því mikilvægt að hafa sem nýjastar upplýsingar hér

Smelltu hér til að sækja nettóeign skv. skattframtali síðasta árs, til viðmiðunar.

Nettóeign til viðmiðunar

Nettóeign til viðmiðunar samkvæmt skattframtali síðasta árs. Ath. eignastaða þín kann að hafa breyst frá síðasta skattframtali.

SKREF 3 – TEKJUR OG EIGNIR FRH.

- Nettóeign skal færa inn í næsta dálk þar á eftir, þ.e. allar eignir mínus allar skuldir
- Eignir geta t.d. verið:
 - Innistæður á bankareikningum
 - Bílar
 - Hjólhýsi
 - Mótorhjól
 - Fasteignir
 - Hlutabréfaeign

Nettóeign	<input type="text" value="Nettóeign..."/>
	<small>• Hér skal færa inn nettóeign, þ.e. allar eignir mínus allar skuldir. Eignir geta t.d. verið innistæður á bankareikningum, bílar, hjólhýsi, mótorhjól, fasteignir og hlutabréfaeign.</small>

SKREF 3 – TEKJUR OG EIGNIR FRH.

- Ef umsækjandi á rétt á vaxtabótum vegna húsnæðis sem hann/hún á er hakað við „Já“ reitinn
- Hafa ber í huga að þá á umsækjandi ekki rétt á húsnæðisbótum
- Annars er hakað við „Nei“ reitinn og haldið áfram í næsta skref

Áttu rétt á vaxtabótum?

Já

Nei

SKREF 4 - LEIGUHÚSNÆÐI

- Í þessu skrefi skal tilgreina tegund húsnæðis sem leigt er
- Það skiptir máli að þetta sé rétt skráð þar sem ekki þarf að skila inn þinglýstum húsaleigusamningi en Vinnumálastofnun mun afla þeirra gagna rafrænt

Tegund húsnæðis

- Íbúðarhúsnæði á hinum almenna leigumarkaði. ✓
- Húsnæði í eigu ríkis eða sveitarfélags.
- Heimavist eða námsgarður.
- Áfangahemili.
- Húsnæðisúrræði fatlaðs fólks skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

- **Undantekning** frá þessu eru einungis þeir sem dvelja á **Áfangaheimili** en þeir þurfa að skila inn húsaleigusamningi með umsókn sinni
- Merking hér hefur áhrif á skref 5

SKREF 4 – LEIGUHÚSNÆÐI FRH.

- Hér er hakað við hvort í húsnæðinu sé séreldhús eða eldunaraðstaða og hvort í húsnæðinu sé sérsnyrting og baðaðstaða

Upplýsingar um leiguhúsnæði

Er séreldhús eða eldunaraðstaða í húsnæði? ✓

Já

Nei

Er sérsnyrting og baðaðstaða í húsnæði? ✓

Já

Nei

- Ef slíkt er ekki til staðar, á viðkomandi ekki rétt á húsnæðisbótum

SKREF 4 – LEIGUHÚSNÆÐI FRH.

- Að lokum þarf að tiltaka fjölda herbergja ásamt leigufjárhæð
- Almennt miðað við íslenska hefð, þ.e. svefnherbergi + stofa/stofur
- Dæmi: Íbúð með tveimur svefnherbergjum og einni stofu telst þriggja herbergja

Fjöldi herbergja	<input type="text" value="2"/>	✓
Leigufjárhæð	<input type="text" value="150.000"/>	✓

ⓘ Leigufjárhæð skal einungis vera sú fjárhæð sem greidd er fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur sem leigjandi beri að greiða samkvæmt húsaleigulögum eða samningi teljast ekki til húsnæðiskostnaðar. Greiðslur leigjenda fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl. teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

[Fyrri skref](#) [Næsta skref](#)

- Í langflestum tilvikum er fjöldi herbergja skráður á leigusamningi
- **ATH! Leigufjárhæðin er aðeins sú fjárhæð sem greidd er fyrir leiguafnot af húsnæði og því greiðslur fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl. ekki taldar hér með**

SKREF 5 - LEIGUSAMNINGUR

- Hér þarf að skrá inn upplýsingar um leigusamninginn sjálfan
- Tilgreina þarf hvort um tímabundinn leigusamning er að ræða eða ótímabundinn
- Tímabundinn samningur þarf að vera að **lágmarki 3 mánuðir** til að aðili eigi rétt á húsnæðisbótum

Tímabil leigusamnings

Tímabundinn leigusamningur. ✓

Ótímabundinn leigusamningur.

Upphafsdagur leigusamnings ✓

Endadagur leigusamnings ✗

Það verður að slá inn endadagsetningu leigusamnings

SKREF 5 – LEIGUSAMNINGUR FRH.

- Ef um ótímabundinn samning er að ræða er upphafsdagur leigusamnings skráður inn áður en hægt er að fara í næsta skref


Tímabil leigusamnings	
<input type="radio"/> Tímabundinn leigusamningur.	✓
<input checked="" type="radio"/> Ótímabundinn leigusamningur.	
Upphafsdagur leigusamnings	<input type="text"/> ✓

- Ekki er þörf á að senda inn afrit af húsaleigusamningi nema ef um búsetu Áfangaheimili er að ræða

Vinnuálastofnun mun sækja upplýsingar um þinglýsta leigusamninga rafrænt og því er ekki þörf á að senda afrit með umsókn.


SKREF 5 – LEIGUSAMNINGUR FRH.

- Ef umsækjandi hefur í skrefi 4 skráð búsetu á Áfangaheimili birtist þessi reitur ofan við „Tímabil leigusamnings“



Afrít af skriflegum leigusamningi

Bæta við leigusamningi...

 Nauðsynlegt er að bæta við leigusamningi til að fullklára umsókn.

Ég mun bæta við leigusamningi síðar

- Þar er nauðsynlegt að hengja við afrít af leigusamningi
- Ef umsækjandi hefur ekki samninginn við höndina getur hann haldið áfram umsóknarferlinu með því að haka við „Ég mun bæta við leigusamningi síðar“ og fullklárað umsóknina síðar

ATH! Einungis þeir sem eru með búsetu á Áfangaheimilum fá þennan reit upp og eru þeir einu sem þurfa að skila inn afríti af leigusamningi

SKREF 6 - LEIGUSALI

- Í þessu skrefi þarf að skrá upplýsingar um leigusala
- Beintenging er við Þjóðskrá og því þarf einungis að slá inn kennitölu leigusalans og þá fyllist nafn leigusala sjálfkrafa út

Upplýsingar um leigusala

Kennitala leigusala

Það verður að slá inn kennitölu leigusala.

Nafn leigusala



[Fyrri skref](#) [Næsta skref](#)

- Ekki er hægt að halda áfram á næsta skref fyrr en þetta hefur verið rétt skráð

SKREF 7 - HEIMILISMENN

- Hér þurfa að koma upplýsingar um **alla skráða heimilismenn** óháð aldri
- Börn og maki sem eru skráðir með umsækjanda á sama fjölskyldunúmer í Þjóðskrá eiga að koma forskráðir inn en bæta þarf inn **netfangi** hjá þeim sem eru 18 ára eða eldri
- Ekki er gerð krafa um netfang hjá yngri aðilum

SKREF 7 – HEIMILISMENN FRH.

- Umsækjandi sjálfur kemur upp í efstu línu og er gulmerktur og ekki er hægt að eiga við þá línu
- Mikilvægt er að umsækjandi fari yfir alla skráða heimilismenn og eyði út eða bæti við eftir atvikum
- Heimilismanni er eytt út með því að velja 
- Heimilismanni er bætt við með því að velja 
- Mikilvægt er að þessi skráning sé rétt því fjöldi heimilismanna hefur áhrif á útreikning húsnæðisbóta

SKREF 7 – HEIMILISMENN FRH.

- Allir heimilismenn sem eru 18 ára eða eldri þurfa að skrá sig sjálfir inná „mínar síður“ og veita þar samþykki sitt til upplýsingaöflunar
- **Mikilvægt er að minna umsækjanda á þetta**
 - Þeir munu einnig fá tölvupóst þess efnis

SKREF 7 – HEIMILISMENN FRH.

Hér er aðili sem er 18 ára eða eldri og er þá merkt „Nei“ varðandi umboð þar til hann hefur veitt samþykki sitt inni á „mínum síðum“.

„Nei“ hjá umsækjandanum í gulu línunni gæti verið svolítið ruglingslegt en umsækjandi þarf ekki að veita umboð sérstaklega þar sem hann gerir það með umsókn sinni.

Heimilismenn

Kennitala	Nafn	Netfang	Umboð	⚙
			Nei	
		Netfang...	Já	🗑
		Netfang..	Nei	🗑
		Netfang..	Já	🗑

📌 Þegar búið er að senda inn þessa umsókn þurfa heimilismenn sem eru eldri en 18 ára að skrá sig inn á "mínar síður" með rafrænum skilríkjum eða íslykli og gefa samþykki sitt til upplýsingaöflunar.

Bæta við heimilismanni

Hér kom upp barn yngri en 18 ára og því er ekki gerð krafa um netfang og reiturinn því grár

Hér kom upp aðili eldri en 18 ára og því gerð krafa um netfang og reiturinn því hvítur. Ekki er hægt að halda áfram fyrr en netfang hefur verið skráð

Það kemur sjálfkrafa upp „Já“ hjá börnum yngri en 18 ára varðandi umboð.

SKREF 8 - SENDA

- Þetta er lokaskrefið í umsóknarferlinu og hér er umsækjandi beðinn um að veita tvennskonar heimild til Vinnumálastofnunar
 - Heimild til að afla upplýsinga frá ýmsum stofnunum og aðilum

Heimild til upplýsingaöflunar:

Með umsókn þessari heimilar umsækjandi Vinnumálastofnun að afla upplýsinga frá skattvirkvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði Íslenskra námsmanna, sveitarfélögum, sýslumönnum, leigusölum íbúðarhúsnæðis og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að afgreiða umsókn í samræmi við lög um húsnæðisbætur. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Ég heimila Vinnumálastofnun að afla nauðsynlegra upplýsinga.

- Ekki er hægt að ljúka umsóknarferli nema þessi fyrrnefnda heimild sé veitt
- Ef reynt er að senda inn umsókn án þess að hakað sé í þessa heimild kemur upp villumeldingin

SKREF 8 - SENDA

- Hins vegar er um að ræða heimild til Vinnumálastofnunar til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt viðkomandi til húsnæðisbóta

Upplýsingagjöf til sveitarfélaga:

Vinnumálastofnun er heimilt að veita sveitarfélögum upplýsingar um forsendur og útreikning húsnæðisbóta umsækjanda og heimilismanna að fengnu umboði þeirra. Upplýsingar eru veittar svo unnt sé að meta þörf á frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélagi þínu.

Ath. að samþykki fyrir upplýsingagjöf til sveitarfélaga er ekki skilyrði fyrir greiðslum húsnæðisbóta en kann að vera forsenda fyrir frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélagi þínu.

Ég gef Vinnumálastofnun umboð mitt til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta og þá heimilismenn sem búsettir eru á viðkomandi heimili.

Fyrri skref

Sendu umsókn

- Veiting þessarar heimildar er ekki skilyrði fyrir greiðslum húsnæðisbóta en kann að vera forsenda fyrir sérstökum húsnæðisstuðningi frá sveitarfélögum
- Ef umsækjandi ætlar sér að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning (hét áður sérstakar húsaleigubætur) þá er mikilvægt að þessi heimild sé veitt. Fyrir aðra þarf þetta ekki en kemur ekki að sök. Hægt er að senda inn umsókn þótt ekki sé hakað í þennan reit

NÁNARI UPPLÝSINGAR



GREIÐSLUSTOFA HÚSNÆÐISBÓTA

ÁRTORGI I, 550 SAUÐÁRKRÓKI

SÍMI: 515-4800

WWW.HUSBOT.IS

husbot@vmst.is